

2005 nr. 132 20. desember**Lög um fjarskiptasjóð¹⁾**¹⁾ *Lögin falla úr gildi í árslok árið 2016 skv. 9. gr., sbr. l. 179/2011, 5. gr.***Tóku gildi 30. desember 2005.** *Breytt með l. 162/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011), l. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011) og l. 179/2011 (tóku gildi 30. des. 2011).*Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **innanríkisráðherra** eða **innanríkisráðuneyti** sem fer með lög þessi.**■ 1. gr. Fjarskiptasjóður.**

□ Stofna skal sérstakan sjóð, fjarskiptasjóð, sem hefur það hlutverk að stuðla að uppbyggingu á sviði fjarskiptamála á grundvelli fjarskiptaáætlunar. Sjóðurinn er eign ríkisins. Varsla hans og dagleg umsýsla heyrir undir [ráðuneytið].¹⁾

¹⁾ *L. 126/2011, 411. gr.***■ 2. gr. Hlutverk.**

□ Hlutverk sjóðsins er að úthluta fjármagni til verkefna sem miða að uppbyggingu stofnkerfa fjarskipta, verkefna sem stuðla að öryggi og samkeppnishæfni þjóðfélagsins á sviði fjarskipta og annarra verkefna, enda sé kveðið á um þau í fjarskiptaáætlun, og ætla má að ekki verði í þau ráðist á markaðsforsendum.

■ 3. gr. Stjórn.

□ [Ráðherra skipar þrjú menn í stjórn fjarskiptasjóðs, þar af formann og varaformann, auk varamanna. Skipunin gildir til þriggja ára í senn.]¹⁾

□ Stjórn sjóðsins skal hafa yfirumsjón með fjármálum fjarskiptasjóðs í samræmi við hlutverk sjóðsins. Stjórn sjóðsins er jafnframt verkefnastjórn fjarskiptaáætlunar og skal hún skila skýrslu um starfsemi sjóðsins til [ráðherra]²⁾ sem leggur hana fyrir Alþingi til upplýsingar.

¹⁾ *L. 179/2011, 1. gr.* ²⁾ *L. 162/2010, 245. gr.***■ 4. gr. Fjármögnun verkefna.**

□ Stjórnin ákveður framlög úr sjóðnum í samræmi við hlut-

verk sitt og fjarskiptaáætlun og semur greiðsluáætlun þar um innan heimilda fjárlaga. Stjórnin getur sett nánari reglur um framkvæmd einstakra verkefna, þar á meðal um faglegt eftirlit með verkefnum og framvindu þeirra. Stjórnin getur ákveðið tilfærslu fjármuna milli ára og/eða einstakra verkefna ef nauðsyn krefur.

■ 5. gr. Umsýsla og eftirlit.

□ Þeir sem fá úthlutað fé úr fjarskiptasjóði skulu gera grein fyrir framvindu verkefna og ráðstöfun fjár samkvæmt nánari reglum sjóðstjórnar.

□ [Ríkisendurskoðun annast árlega endurskoðun reikninga sjóðsins.]¹⁾

¹⁾ *L. 179/2011, 2. gr.***■ 6. gr. Tekjur.**

□ Tekjur fjarskiptasjóðs eru framlag úr ríkissjóði samkvæmt ákvörðun Alþingis og tekjur af ávöxtun fjármuna sjóðsins.

□ [Tekjur ríkissjóðs sem til eru komnar vegna gjalda fyrir afnot af tíðnum, sem lögð eru á samkvæmt heimild í lögum um fjarskipti, nr. 81/2003, skulu renna í fjarskiptasjóð.]¹⁾

¹⁾ *L. 179/2011, 3. gr.***■ 7. gr. Kostnaður af rekstri.**

□ Fjarskiptasjóður ber allan kostnað af starfsemi sinni . . .¹⁾

¹⁾ *L. 179/2011, 4. gr.***■ 8. gr. Reglugerðarheimild.**

□ [Ráðherra]¹⁾ er heimilt að kveða nánar á um skipulag sjóðsins og framkvæmd laga þessara með reglugerð.²⁾

¹⁾ *L. 162/2010, 245. gr.* ²⁾ *Rg. 870/2014.***■ 9. gr. Gildistaka.**

□ Lög þessi öðlast þegar gildi. [Lög þessi falla úr gildi í árslok árið 2016, inneign sjóðsins eftir uppgjör verkefna við þau tímamót rennur í ríkissjóð.]¹⁾

¹⁾ *L. 179/2011, 5. gr.*